

Borgarstjórn
2. júní 2020

Greinargerð borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna umræðu um erfiða stöðu SORPU bs. vegna gas- og jarðgerðarstöðvarinnar GAJA

Mikill styr hefur staðið um gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. sem nú er í byggingu en kostnaður við stöðina fer líklega yfir 6 milljarða króna. Eins og alkunna er hefur verkefnið farið fram úr áætlun um vel á annan milljarð króna. Vegna framúrkeyrslunnar þurfti SORPA bs. á neyðarláni að halda frá eigendum með veði í útsvarstekjum Reykjavíkurborgar, enda fyrirtækið að öðrum kosti ekki rekstrarlega sjálfbært. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust alfarið gegn því að veitt yrði veði í útsvarstekjum skattgreiðenda í Reykjavík vegna lausataka í rekstri byggðasamlagsins og greiddu atkvæði gegn því. Ekki bara einu sinni heldur tvisvar enda verður reikningurinn að óbreyttu sendur á heimilin og skattgreiðendur borgarinnar í formi gjaldskrárhækkana.

Framúrkeyrslan virðist hafa komið eigendunum á óvart. Aðaleigandi er Reykjavíkurborg, sem stóð að því að farið yrði í verkefnið. Borgarstjóri tók ákvarðanir á formlegum eigendavettvangi SORPU bs. um gas- og jarðgerðarstöðina eins og fundargerðir eigendahóps bera með sér. Bent er á í þessu samhengi að borgarstjóri fer með 62% allra hluta í félaginu f.h. borgarinnar og ræður þ.a.l. mestu um allar meiriháttar ákvarðanir sem teknar eru á þessum vettvangi. Þá má benda á að þrátt fyrir varnaðarorð innlendra sérfræðinga og ógöngur hliðstæðrar fjárfestingar sem farið var í bænum Elverum í Noregi var ákveðið að hefja framkvæmdir.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði til 4. febrúar sl. að beina því til eigendahóps SORPU bs. að beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á stofnsamningi byggðasamlagsins vegna samsetningu stjórnarinnar. Það var gert í þeim tilgang að samsetning stjórnarinnar yrði sem næst því að vera í hlutfallslegu samræmi við eignarhlut borgarinnar. Tillagan var samþykkt en ekkert hefur heyrst eða spurst af málinu síðan.

Ýmsum spurning t.d. varðandi rekstrarætlun sem finnst hvergi, aðgerðaráætlun sem ekki hefur litið dagsins ljós enn þá, sölu á afurðum - metangasi og moltu og tæknilegri útfærslu sem deildar meiningar eru um er enn ósvarað sem nauðsynlegt er að fá svör við. Líta verður málið alvarlegum augum með m.a. þessar staðreyndir í huga og er það beinlínis hlutverk og ábyrgð borgarstjórnar að hafa eftirlit með framkvæmdum af þessu tagi. Skýra þarf málið til þess að unnt sé að taka skynsamlegar ákvarðanir um framtíð stöðvarinnar.